

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga – Gjahella 7, 9 og 11.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar 1. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna lóðanna Gjahellu 7, 9 og 11. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkum, innkeyrslum og hæðarafsetningu lóðar nr. 9. Kvöð um sameiginlegan innakstur lóða nr. 7 og 9 fellur niður, á nýrri innkeyrslu lóða nr. 9 og 11 verði kvöð um sameiginlegan innakstur. Lóð nr. 9 minnkar og lóð nr. 7 stækkar. Málsmeðferð breytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 16. febrúar 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 2. mars 2022